

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

#### *Urðarhvarf 16. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 12. júní 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Urðarhvarf 16. Í breytingunni felst að byggingarmagn er aukið úr 6.048 m<sup>2</sup> í 8.000 m<sup>2</sup>. Við það eykst nýtingarhlutfall ofanjarðar úr 1,26 í 1,7. Jafnframt er byggingarreitur hækkaður um 3,5 m að hluta til á norðvesturhluta lóðarinnar. Gert er ráð fyrir einu stæði á hverja 50 m<sup>2</sup> í atvinnuhúsnæði þar af helmingur í niðurgrafinni bílageymslu. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Naustavör 11. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 23. ágúst 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Naustavör 11. Í breytingunni felst að íbúðum er fjölgað úr 12 í 18 íbúðir. Stærð byggingarreits er óbreytt en hliðrast til suðausturs um 1,5 metra. Heildarbyggingarmagn eykst um 348 m<sup>2</sup>. Aðkoma að bílajakjallara breytist. Bílastæðum fjölgar og verða 34 stæði á lóð þar af 9 í kjallara. Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Tónahvarf 7. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 26. júní 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Tónahvarf 7. Í breytingunni felst að byggt er út úr gildandi byggingarreit í norður og vestur, fyrirhuguð bygging verði á einni hæða án kjallara, nýtingarhlutfall lóðarinnar lækkar úr 0,6 í 0,4 og fyrirkomulagi bílastæða á lóð er breytt.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 5. september 2018.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. september 2018